

FUNDARBOÐ

1742. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, 18. mars 2015 og hefst kl. 14:00

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 10023387 - Verndarsvæði, drög að samningum

2. liður úr fundargerð UMFRAH frá 11. mars sl.
Lögð fram drög að samningum um umsjón og rekstur friðlýstra svæða í Hafnarfirði milli Hafnarfjarðarbæjar og Umhverfisstofnunnar.

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir samningana fyrir sitt leiti og vísar þeim til afgreiðslu bæjarstjórnar.

2. 1503055 - Heilsueflandi samfélag

2. liður úr fundargerð BÆJH frá 12. mars sl.
Lagður fram samstarfssamningur Hafnarfjarðarbæjar og Embætti landlæknis um þróunarverkefnið "Heilsueflandi samfélag" sem undirritað var 4.3. 2015 með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.
Einnig lagðar fram fundargerðir starfshópsins nóvember 2014 til febrúar 2015.

Bæjarráð vísar eftirfarandi tillögu til bæjarstjórnar:
"Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir fyrirbyggjandi samkomulag um þróunarverkefnið "Heilsueflandi samfélag".

3. 1405420 - Ferðapjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu

5. liður úr fundargerð BÆJH frá 12. mars sl.

Tekin fyrir afgreiðsla fjölskylduráðs frá 27. febrúar sl. þess efnis að hækkan á gjaldskrá Strætó bs. taki ekki til ferðapjónustu fatlaðs fólks.

Bæjaráð vísar afgreiðslu fjölskylduráðs til bæjarstjórnar.

4. 1502087 - Hafnarborg, gjaldskrá

2. liður úr fundargerð stjórnar Hafnarborgar frá 5. febr. sl.
Samþykkt breyting á gjaldskrá sem miðar að því að gjaldskrá fylgi almennt breytingum á gjaldskrá sveitarfélagsins en gjald vegna tónleikahalds hækki ekki og taki mið af seldum miðum. Breytingu vísað til bæjarstjórnar.

5. 1403130 - ESB-viðræður, áskorun

Tillaga að ályktun:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar skorar á ríkisstjórn Íslands og Alþingi að tryggja aðkomu þjóðarinnar að ákvörðun um framhald aðildarviðræðna Íslands við Evrópusambandið. Í samræmi við gefin fyrirheit verði framhald aðildarviðræðna sett í þjóðaratkvæðagreiðslu. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar áréttar einnig stuðning sinn við samþykkt stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. febrúar 2014 þar sem stjórnin hvetur til þess að Alþingi tryggi sveitarfélögunum í landinu svigrúm til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en til breytinga á stöðu aðildarviðræðna kemur.

Greinargerð:

Eins og fram kemur í greinargerð sem unnin var fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga um áhrif Evrópusambandsaðildar á íslenska sveitarstjórnarstigið er ljóst að áhrif aðildar á íslensk sveitarfélög yrðu umtalsverð. Þó er ekki hægt að segja nákvæmlega fyrir um heildarávinning sveitarfélaga fyrr en niðurstöður aðildarviðræðna liggja fyrir. Þá hafa íslensk sveitarfélög, meðal annars Hafnarfjarðarbær, verið í forystu um aukið lýðræði og beina þátttöku kjósenda í stórum og mikilvægum ákvörðunum sem varða samfélagið í heild og hagsmuni þess. Þannig tryggði bæjarstjórn Hafnarfjarðar á sínum tíma íbúum bæjarins beint og milliliðalaust lýðræði með því að setja inn í samþykktir bæjarins heimild til að leggja þýðingarmikil mál í dóm kjósenda. Að baki þeim breytingum lá það grundvallarsjónarmið að undirstaða trausts sambands almennings og stjórn mála væri gagnkvæmni, að forsenda trausts almennings til stjórn mála sé að stjórn málin treysti fólkinu. Telur bæjarstjórn að hér sé um svo stórt hagsmunamál að ræða að eðlilegt sé að þjóðin fái aðkomu að ákvörðun um framhald þess.

6. 1501023 - Fundargerðir 2015, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð fræðsluráðs frá 9.mars sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 11.mars sl.

a. Fundargerð stjórnar Reykjanesfólkvangs frá 28.jan. sl.

b. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 4.mars sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 12.mars sl.

a. Fundargerð stjórnar Hafnarborgar frá 5.febr.sl.

b. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 27.febr. sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 10.mars sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 13.mars sl.

a. Fundargerð íþróttá- og tómsfundanefndar frá 2.mars sl.

16.03.2015

Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri